



Hjúkrunarþing Fíh 2022

Hjúkrunarþing Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga var haldið á Grand hótél í Reykjavík þriðjudaginn 25. október 2022 þar sem yfirskriftin var **Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum**. Stjórn Fíh þakkar öllum þeim hjúkrunarfræðingum sem skráðu sig á þingið og tóku virkan þátt í hópavinnunni. Framlag hjúkrunarfræðinga, þekking og sérhæfing kemur að góðum notum við gerð aðgerðaráætlunarinnar sem og í áframhaldandi vinnu félagsins í þágu hjúkrunarfræðinga.

Texti: Edda Dröfn Danielsdóttir



Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum var samþykkt á aðalfundi félagsins í maí 2021 og tók hún við stefnu félagsins til 2020 sem var samþykkt á aðalfundi félagsins í maí 2011. Við framsetningu á stefnunni var tekið mið af heilbrigðisstefnu heilbrigðisráðuneytisins fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Stefnunni er skipt í sjö kafla sem eiga að varða þá leið sem nauðsynleg er til að styrkja heilbrigðiskerfið og bæta heilbrigðisþjónustu við landsmenn. Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030 er lýsing á hlut hjúkrunarfræðinga og hjúkrunar til að ná fram heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Stefnu Fíh er skipt í sams konar kafla og stefna heilbrigðisráðuneytisins.

Fjölbreyttur hópur úr röðum hjúkrunarfræðinga var samankominn á þinginu til að vinna að aðgerðaráætlun Fíh til næstu þriggja ára sem byggir á stefnu félagsins í hjúkrunar- og heilbrigðismálum. Unnið var í hópavinnu bæði fyrir og eftir hádegi. Hjúkrunarþingið var unnið í samstarfi við Guðríði Sigurðardóttur, eiganda Attentus, sem hafði yfirumsjón með hópavinnunni.



Fyrirkomulagið á Hjúkrunarþingi var með þeim hætti að allir þátttakendur tóku þátt í hópavinnu fyrir hádegi í flokkunum **rétt þjónusta á réttum stað og fólkið í forgrunni**. Eftir hádegi gátu þátttakendur skráð sig í mismunandi hópa eftir áhugasviði og sérhæfingu. Fyrir fram var búið að velja tvö til þrjú stefnumið í hverjum flokki úr stefnunni sem borðstjórar kynntu fyrir þátttakendum í upphafi dags. Borðstjórar kynntu svo niðurstöður úr hópavinnu og góðar umræður fylgdu í kjölfarið.

Niðurstöður úr hópavinnu

Hópur 1.

Forysta til árangurs

Það er greinilega mikill vilji og áhugi á að endurvekja hlutverk yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslu (e. *chief nursing officer, CNO*) sem stendur vörð um hagsmuni stærstu heilbrigðisstétta á landinu. Fíh er hluti af samstarfsverkefni með Samtökum hjúkrunarfélagi á Norðurlöndunum (SSN) um að koma á hlutverki yfirhjúkrunarfræðings á öllum Norðurlöndum í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO). Staða yfirhjúkrunarfræðings er nú þegar til staðar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Einnig voru tillögur um að bjóða hjúkrunarfræðingum á landsvísi upp á leiðtogaþjálfun, tryggja að hjúkrunarfræðingar séu tilnefndir í ráð, nefndir og starfshópa á vegum yfirvalda og skyldu um að endurvekja starfsleyfi hjúkrunarfræðinga reglulega með stöðuprófi.

Hópur 2.

Rétt þjónusta á réttum stað

Rík áhersla var lögð á hlutverk hjúkrunarfræðinga á heilsugæslum, þar á meðal hjúkrunarmóttökum og efla þarf þær um land allt, ásamt því að upplýsa skjólstæðinga heilsugæslunnar, hvaða þjónusta sé í boði frá hjúkrunarfræðingum. Lagt var til að hjúkrunarfræðingar verði leiðandi í fjarheilbrigðisþjónustu, meðal annars með því að veita skjólstæðingum sínum fræðslu og ráðgjöf í gegnum rafræna þjónustu. Enn fremur var áhersla lögð á árangursríka teymisvinnu milli heilbrigðisstétta og stofnana.

Hópur 3.

Innleiða þarf mönnunarviðmið

Margar góðar tillögur komu fram úr hópavinnunni en mönnunarviðmið hjúkrunarfræðinga og lögfesting á þeim var meðal tillagna sem var oftast nefnd. Það er greinilega mikið ákall hjúkrunarfræðinga að mönnunarviðmið verði innleidd í heilbrigðiskerfið og unnið markvisst eftir þeim með öryggi sjúklinga að leiðarljósi. Heilsueflandi vinnuhverfi var einnig rætt í hópunum þar sem áhersla er lögð á forvarnir, endurmenntun og fræðslu fyrir hjúkrunarfræðinga.

Hópur 4.

Virkir notendur

Í þessum hópi var fjarheilbrigðisþjónusta og tæknilausir ofarlega í huga þátttakenda og meðal þess sem var rætt var mikilvægi þess að hjúkrunarfræðingar séu virkir þátttakendur í þróun og innleiðingu nýrrar tækni í störfum sínum. Einnig að hjúkrunarfræðingar hafi forystu um hagnýtingu tæknilausna til að efla heilsulæsi almennings og stuðla að valdeflingu þeirra varðandi ábyrgð á eigin heilbrigði. Enn fremur var tillaga hósins að nýsköpun á sviði tæknilausna í hjúkrun verði hluti af menntun og símenntun hjúkrunarfræðinga. Mikilvægt sé að efla hjúkrunarfræðinga í þróun, notkun og miðlun tæknilausa.



Hópur 5.

Virkir notendur

Hér var hlutverk sérfræðinga í hjúkrun innan heilbrigðiskerfisins rætt, meðal annars kom fram að lögfesta þarf stöðugildi þeirra, deila þarf þekkingu þeirra víðar innan heilbrigðiskerfisins og veita þeim stuðning til að hefja eigin rekstur til dæmis á stofu. Auk þess þarf að fara í átak í að kynna sérfræðinga í hjúkrun út á við og gera þá sýnilegri því oft virðist vera mikil almenn vanþekking á störfum þeirra. Gera þarf þarfagreiningu á sérfræðingum í hjúkrun og skilgreina hlutverk þeirra innan heilbrigðiskerfisins með það að markmiði að þeir starfi á öllum stofnunum landsins. Þannig kemur sérfræðiþekking sérfræðinga í hjúkrun að betri notum sem skjólstæðingar þeirra njóta fyrst og fremst góðs af.

Hópur 6.

Gæði í fyrirrúmi

Þátttakendur í hópi 6 lögðu meðal annars til að gera gæðavísu sýnilegri og að þeir séu reglulega mældir á einingum. Einnig var lagt til að hafa miðlægan gæðagrunn hjúkrunar, mikilvægi þess að breyta refsíabýrgðinni og að atvikaskráning sé sýnileg og unnið sé með hana á öllum heilbrigðisstofnunum.

Hópur 7.

Hugsað til framtíðar

Hér var einnig lögð rík áhersla á fjölgun sérfræðinga í hjúkrun, meðal annars, með endurskoðun á reglugerð, auka þarf fjármagn til stofnana til að fjölga stöðugildum sérfræðinga í hjúkrun og auka sýnileika þeirra. Þátttakendur lögðu einnig til að rannsóknar- og símenntunarskylda yrði hluti af starfshlutfalli og að hjúkrunarfræðingar taki virkan þátt í alþjóðlegu og norrænu vísinda- og rannsóknarstarfi.

Næstu skref

Niðurstöður hópavinnunnar verða settar inn í aðgerðaráætlun sem Fíh mun vinna eftir næstu þrjú árin. Mikill hugur var í þeim hjúkrunarfræðingum sem mættu á Hjúkrunarþing Fíh og augljóst að skýr fagleg sýn einkennir stéttina. Þetta endurspeglast í gildum hjúkrunarfræðinga, **ábyrgð, áræðni og árangur.**

